

Reglur bæjarráðs Hafnarfjarðarkaupstaðar um styrkveitingar

1. gr.

Bæjarráð veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum eða einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröð sveitarfélagsins.

2. gr.

Bæjarráð hefur fasta skilgreinda fjárhæð í fjárhagsáætlun hvers árs til úthlutunar og skal skipta þeirri fjárhæð jafnt á milli tveggja úthlutunartímabila.

3. gr.

Úthlutun styrkja fer fram tvisvar á ári og auglýsa skal fyrir 15. febrúar fyrir fyrri úthlutun sem lokið skal fyrir 1. maí ár hvert og fyrir 1. september fyrir seinni úthlutun sem lokið skal fyrir 1. desember ár hvert.

4. gr.

Umsækjendur verða að tengjast Hafnarfirði með einhverjum hætti. Til dæmis með fastri búsetu einstaklinga, með því að viðburðurinn eða verkefnið sem styrkt sé fari fram í Hafnarfirði og/eða feli í sér kynningu á einhverju sem viðkemur sveitarfélaginu. Stofnun, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar geta aðeins sótt um einn styrk ár hvert.

5. gr.

Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á. Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Hafnarfjarðarkaupstaðar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis.

6. gr.

Umsóknum skal skilað með rafrænum hætti í gegnum vefsíðu Hafnarfjarðarbæjar. Aðstoð við skráningu er hægt að fá í þjónustuveri bæjarins.

Auk almennra þátta skal eftirfarandi koma fram í umsókn:

Markmið, lýsing og tilefni umsóknar

Styrkupphæð

Tíma- og verkáætlun

Önnur fjármögnun

Kostnaðaráætlun

Hafi umsækjandi áður fengið styrki skulu liggja fyrir skilagreinar um nýtingu fyrri


styrkja

7. gr.

Umsóknir skulu metnar með hliðsjón af:

Markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð

Hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	24.1.2012
Málsnr:	1301181
Þéttali:	105

Hvort unnt sé að meta framvindu verksins
Hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur
væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi
fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn

8. gr.

Hafnarfjarðarkaupstaður áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða
krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu
styrkþega.

Mars 2011

Samþykkt í bæjarráði 14.4.2011 með gildistöku frá fjárhagsári 2012

CIR